

**Nd. 102. Frumvarp til laga [90. mál]**

um lántökuheimild til eflingar Landhelgisgæslunnar.

(Lagt fyrir Alþingi á 97. löggjafarþingi 1975.)

**1. gr.**

Ríkisstjórninni heimilast að taka lán allt að 450 milljónir króna vegna kaupa á gæsluflugvél fyrir Landhelgisgæsluna, og allt að 140 milljónir króna vegna endurbóta á varðskipinu Óðni og verða lánin að hluta til tekin erlendis.

**2. gr.**

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Um frumvarp þetta, sem lagt er fyrir Alþingi samkvæmt 28. gr. stjórnarskrárinnar, vísast til fylgiskjals hér á eftir.

Fylgiskjal.

**BRÁÐABIRGÐALÖG**

um lántökuheimild til eflingar landhelgisgæslunnar.

**FORSETI ÍSLANDS**

*gjörir kunnugt:* Fjármálaráðherra hefur tjáð mér, að vegna fyrirhugaðrar útfærslu íslensku fiskveiðilandhelginnar í 200 mílur þann 15. október n. k., beri brýna nauðsyn til að efla Landhelgisgæsluna að tækjakosti, svo tryggja megí viðunandi eftirlit með veiðiskipum innan hinnar nýju fiskveiðilandhelgi.

Jafnframt hefur fjármálaráðherra tjáð mér, að ríkisstjórnin hafi samþykkt að stofna til kaupa á nýrri flugvél í Hollandi til eflingar Landhelgisgæslunni, svo og að láta framkvæma endurbætur á varðskipinu Óðni, og að taka þurfi lán til þessara framkvæmda, að hluta til erlendis.

Fyrir því eru hér með sett bráðabirgðalög samkvæmt 28. gr. stjórnarskrárinnar, á þessa leið:

**1. gr.**

Ríkisstjórninni heimilast að taka lán allt að 450 milljónir króna vegna kaupa á gæsluflugvél fyrir Landhelgisgæsluna, og allt að 140 milljónir króna vegna endurbóta á varðskipinu Óðni og verða lánin að hluta til tekin erlendis.

**2. gr.**

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört að Bessastöðum, 29. júlí 1975.*

**Kristján Eldjárn.**  
(L. S.)

*Matthías Á. Mathiesen.*